

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar,
aðveitustöð, jarðstrengir og vatnsvernd.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 23. júlí 2015 breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 sem samþykkt var í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 9. júlí 2015.

Í breytingunni felst nýtt iðnaðarsvæði F undir aðveitustöð, niðurfelling loftlína að hluta og rafstrengir í þeirra stað, tilfærsla reiðstígs og breytt afmörkun vatnsverndar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 23. júlí 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2015